

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P/32/1721
komudagur 21. 4. 2006

Reykjavík, 18. apríl 2006
RJ/KSG/036/006

**Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frumvarp til laga um tannlækningar,
252. mál, gjaldskrár.**


Verði frumvarpið að lögum felur það í sér að tannlæknum, sem bannað hefur verið að auglýsa starfsemi sína, verður gert skylt að auglýsa gjaldskrár og breytingar á þeim og senda þær upplýsingar jafnframt til Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu og greinargerð með því. Frjáls verðlagning tannlækna, sem og annarra seljenda vöru og þjónustu, er forsenda fyrir samkeppni sem ætlað er að koma neytendum til góða. Slík samkeppni nær þó ekki því meginmarkmiði sínu að stuðla að hagkvæmni, nema neytendum sé gert kleyft á einfaldan máta að bera saman verð mismunandi tannlækna. Birting gjaldskráa tannlækna á einum, aðgengilegum stað, væri stórt skref í þá átt að auka hag neytenda og bæta samningsstöðu þeirra gagnvart tannlæknum.

Auglýsingar hafa sífelld minni áhrif á breytni neytenda. Nú á tímum leitar almenningur að þeim upplýsingum sem hann vanhagar um á Netinu. Skipuleg söfnun og framsetning á stöðluðum upplýsingum úr gjaldskrár tannlækna, í samráði við Tannlæknafélag Íslands, á aðgengilegri heimasíðu, gæti því reynst mun áhrifaríkari leið en auglýsingar í ljósvaka- eða prentmiðlum. Sú leið væri einnig mun ódýrari fyrir tannlækna og þar með neytendur sem borga brúsann. Hvort það á að vera Tryggingastofnun eða Samkeppnisstofnun, Neytendasamtökin eða Tannlæknafélagið, sem safnar og birtir slíkar upplýsingar samkvæmt reglum sem ráðherra er ætlað að setja þar um, er í sjálfu sér aukaatriði. Aðalatriðið er að almenningur hafi greiðan aðgang að sönnum og heiðarlega fram settum samanburði á verði milli einstakra tannlækna.

Tryggingastofnun hefur upplýsingar um verðskrár allra tannlækna sem skipta við stofnunina, eins og þær birtast á einstökum reikningum sem stofnuninni berast, en birtir þær ekki og veitir almenningi ekki upplýsingar úr þeim gögnum. Stofnunin sækist ekki eftir þeirri vinnu sem verkefninu fylgir, verði frumvarp þetta að lögum, en skorast heldur ekki undan því verði tillit tekið til þess við ákvörðuna á rekstrarfé til stofnunarinnar. Stofnunin telur að samþykkt frumvarpsins myndi auka samkeppni á milli tannlækna og verða til mikilla hagsbóta fyrir almenning.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

